

**Skýrsla Orkustofnunar til
iðnaðarráðuneytisins
um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði**

3. nóvember 2005


Benedikt Guðmundsson

1. Niðurgreiðslur ársins 2004 (ráðstöfun fjárlagaliðar 11-373)

1.1 Saga niðurgreiðslna

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Mynd 1 sýnir útgjöld ríkisins frá 1983 til 2004 á verðlagi í september 2005 m.v. vísitölu neysluverðs. Lög um niðurgreiðslu húshitunar voru sett árið 2002 og fór áhrifa lagasetningarinnar fyrst að gæta á árinu 2003. Frá árinu 1999 hafa niðurgreiðslur aukist jafnt og þétt og náðu hámarki árið 2002 en þá voru þær um 915 millj. kr. á verðlagi í september 2005. Útgjöldin lækka á árinu 2003 en þá koma fram áhrif lagasetningarinnar frá 2002.

Mynd 1



Samkvæmt upplýsingum úr bókhaldi dreifiveitnanna skiptust niðurgreiðslur vegna ársins 2004 þannig (millj. kr. á verðlagi þess árs):

Tafla 1

Ár	RARIK	Orkub. Vestfj.	HSV	Rafv. Reyðarfj.	Samtals millj. kr.
2004 (rafhitun)	464,7	87,6	11,1	15,2	578,6
2004 (heitt vatn)	31,1	86,3	69,5	0,0	186,9
2004 (samtals)	495,8	173,9	80,6	15,2	765,5

Á árinu 2004 hækka niðurgreiðslur lítillega m.a. vegna breytinga sem gerðar voru á niðurgreiðslulögunum sem rýmkaði heimildir ýmissa hópa til niðurgreiðslna á húsnæði sínu. Má þar nefna félagsheimili, húsnæði björgunarsveita ofl. aðila.

1.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva

Niðurgreiðslur á olíu til húshitunar voru greiddar fyrst vegna ársins 2002 skv. ákvæðum laganna og námu greiðslur til þeirra sem hita með olíu 3,0 millj. kr. Nánast sama upphæð var einnig greidd á árinu 2003. Olíuverð hækkaði töluvert á árinu 2004 sem leiddi til hækkunar á niðurgreiðslum en þær voru 3,4 millj. kr. Niðurgreiðslur til þeirra sem njóta rafhitunar frá eigin rafstöð voru nánast óbreyttar milli árána 2003 og 2004 eða 3,8 millj. kr. Samtals námu því niðurgreiðslur til olíuhitunar og vegna einkarafstöðva 7,2 millj. kr.

1.3 Eingreiðslur til stofnunar hitaveitna eða stækkunar eldri veitna

Á árinu 2004 var töluvert um að stærri orkufyrirtæki keyptu smærri hitaveitur og stæckuðu jafnframt dreifikerfi þeirra. Einnig var lögð hitaveita á svæðum þar sem jarðhitaleit hafði borið árangur s.s. frá Hjalteyri til Akureyrar. Í töflu 2 má sjá hvaða hitaveitur fengu eingreiðslu á árinu 2004 vegna stækkunar á dreifikerfi sínu þar sem rafhitun var fyrir.

Tafla 2

Hitaveita	Fj. notenda veitur	Notkun MWh	Eingreiðsla Millj. kr.
Hitaveita Rangæinga	21	622	7.624
Norðurorka Hjalteyri	30	1.214	12.720
Norðurorka Eyjafjarðarsveit	9	289	4.382
Norðurorka Svalbarðsstrandarhreppur	39	1.323	19.562
Samtals.	99	3.448	44.298

1.4 Smávirkjanir og varmadæluverkefni

Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 78/2002 er kveðið á um að Orkustofnun skuli í samvinnu við iðnaðarráðuneytið gera úttekt á möguleikum á nýtingu smávirkjana á landsbyggðinni. Í þessu skyni skal heimilt á þessu tímabili að verja allt að 10 millj. kr. árlega af þeirri fjárveitingu sem ákveðin er til niðurgreiðslu rafhitunar.

Iðnaðarráðuneyti hafði frumkvæði að því að koma smávirkjanaverkefninu af stað. Orkustofnun tók við verkefninu í upphafi ársins 2003. Var þá búið að veita um 10 millj. kr. til verkefnisins og á árinu 2003 var varið 7 millj. kr. í þessu skyni. Á árinu 2004 var varið 5 millj. kr til verkefnisins. Að undanfögnu hefur áhersla verið lögð á rennslismælingar sem Vatnamælingasvið Orkustofnunar hefur framkvæmt fyrir vatnsréttthafa.

Snemma árs 2004 samdi Orkustofnun við ÍSOR um að vinna könnun á hagkvæmni þess að nýta varmadælu til húshitunar hér á landi og hefur starfsmaður ÍSOR á Akureyri sinnt þessu verkefni. Var þetta fyrsti áfangi í því verkefni sem Orkustofnun var falið að vinna á þessu sviði samkvæmt lögum nr. 78/2002. Gert var ráð fyrir verklokum í árslok 2004 með skýrslu sem lýsti helstu kostum sem fyrir hendi væru varðandi varmadælu hér á landi og yrði grunnur að áframhaldandi vinnu á þessu sviði.

1.5 Orkusparnaðaráttak 2004

Á seinni hluta ársins 2004 voru undirritaðir samningar milli Orkustofnunar og ýmissa aðila um verkefni sem lúta að orkusparnaði. Til verkefnisins fengust 8 millj. kr. á árinu 2004.

- Greining á íbúðarflokkum og hagkvæmniútreikningar.
Verktaki: Verkfræðideild Háskóla Íslands.
- Orkunotkun bygginga ástandskönnun.
Verktaki: Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
- Nýting vatns og orku í fiskeldi.
Verktaki: Hólaskóli

Miklar væntingar standa til þessa verkefna og er þess vænst að niðurstöðurnar leiði til bættrar orkunýtingar bæði hjá heimilum og í atvinnulífinu. Niðurstöður verkefnanna verða kynntar seinnihluta ársins 2005, m.a. á ráðstefnu Orkustofnunar á Akureyri þann 24. nóvember.

1.6 Jarðhitaleit á köldum svæðum 2004

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða að sérstakt jarðhitaleitarátak á köldum svæðum fái allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og nýrra hitaveitna.

Með bréfi dagsettu 28. október 2004 var Orkustofnun falið að hefja vinnu við framkvæmd jarðhitaleitarátaks ársins 2004 og til ráðstöfunar var 43 millj. kr. Af þeim fjármunum voru 12,5 millj. kr. ógreitt framlag ráðuneytisins til eldra átaks sem var í gangi frá 1998 til 2003. Umsóknarferillinn og afgreiðsla jarðhitaátaks ársins 2004 lauk um mitt árið 2005.

Niðurstaða ársins 2004

Samkvæmt fjárlögum ársins 2004 var áætlað að verja 868 millj. kr til lækkunar á húshitunarkostnaði. Í töflu 3 er sýnt hvernig fjármunirnir fara til einstakra liða undir niðurgreiðslum til húshitunar.

Tafla 3

Ráðstöfun niðurgreiðslufjár til rafhitunar; greitt til dreifiveitna í M.kr.	2004
Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK)	495,8
Orkubú Vestfjarða (OV)	173,9
Hitaveita Suðurnesja Vestmannaeyjum (HSV)	80,6
Rafveita Reyðarfjarðar (RR)	15,2
Samtals vegna rafhitunar	765,5
Niðurgr. v / olúhitunar	3,4
Niðurgr. v / einkarafst.	3,8
Eingreiðslur til hitaveitna	44,3
Smávirðjanir og varmadælur	10,0
Jarðhitaleit á köldum svæðum*	30,5
Orkusparnaðaráttak	8,0
Orkustofnun umsjón og rekstur**	0,0
Samtals niðurgreiðslufé	865,5

Skýringar:

* Iðnaðarráðuneytið greiddi 43,0 millj. kr til jarðhitaleitar þar af voru 12,5 vegna eldra átaks.

** Greiðsla til Orkustofnunar vegna umsjónar með niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði barst ekki fyrir en á árinu 2005.

Útgjöld til málaflokksins eru því 865,5 millj. kr. en væru 878 millj. kr. ef framlag sem barst á árinu 2005 til Orkustofnunar vegna umsjónar og reksturs væri fært á árið 2004.

2. Niðurgreiðslur ársins 2005 (endurskoðuð áætlun)

2.1 Almennar niðurgreiðslur

Hinn 1. janúar 2005 voru gerðar umtalsverðar breytingar á forsendum í rekstri raforkufyrirtækja vegna nýrra raforkulaga. Lögin fólu í sér aðskilnað dreifingar og orkusölu hjá orkufyrirtækjunum. Samkvæmt lögnum er ekki heimilt að selja rafmagn á mismunandi verði eftir því til hvers rafmagnið er notað, heldur aðeins hvernig og hvenær það er notað. Ljóst var frá upphafi að húshitunarkostnaður myndi hækka töluvert, nema til kæmi auknar niðurgreiðslur. Ríkisstjórnin samþykkti því að tillögu iðnaðarráðherra að hækka fjárlagalið fyrir niðurgreiðslur á húshitun um 100 millj. kr. og að auka niðurgreiðslur til rafhitunar innan þessa fjárlagaliðar um 35 millj. kr. Heildarupphæð fjárlagaliðar 11-373 nemur því samtals 998 millj. kr. á árinu 2005.

Það hefur tekið orkufyrirtækin mismunandi langan tíma að koma upp nýju sölufyrirkomulagi þar sem lesa þurfti af öllum mælum hjá viðskiptavinum þeirra. Fyrstu mánuði ársins niðurgreiddi því ríkissjóður samkvæmt eldra fyrirkomulagi auk þess að greiða niður sem nam afslætti Landsvirkjunar sem einnig féll niður með tilkomu nýrra raforkulaga. Um mitt árið má segja að allir viðskiptavinir orkufyrirtækjanna hafi verið komnir í nýtt sölufyrirkomulag. Hvað orkufyrirtækin eru búin að innheimta er mismunandi og í töflu 4 er sýnt hvað innheimt hefur verið það sem af er árinu og áætlun fyrir útgjöld ríkissjóðs til áramóta. Í ljós kemur að útgjöld verða eitthvað lægri en ráð var fyrir gert sem stafar af því að greitt var eftir gamla fyrirkomulaginu fram eftir árinu en áætlun í upphafi byggði á að greitt yrði samkvæmt nýju sölufyrirkomulagi allt árið. Mismunurinn er upp á 50 millj. kr. sem kemur sér vel þar sem

fyrirsjáanlegt er að eingreiðslur til hitaveitna verða umtalsverðar á árinu 2006 og þegar hefur borist umsókn frá Eskifirði sem hægt væri að greiða að hluta til út á árinu 2005.

Tafla 4

Ráðstöfun niðurgreiðslufjár til dreifiveitna í millj. kr.	Áætlun 2005	Þegar greitt	Tímabil ársins 2005	Hlutfall af ársniðurgr.	Meðaltal á mánuði	Ný áætlun 2005
Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK)	609,9	455,8	janúar -sept	74,7%	45,6	592,6
Orkubú Vestfjarða (OV)	192,8	110,5	janúar - júlí	57,3%	12,3	171,9
Hitaveita Suðurnesja Vestmannaeyjum (HSV)	87	58	janúar - sept	66,7%	5,8	75,4
Rafveita Reyðarfjarðar (RR)	16,7	11,1	janúar - ágúst	66,5%	1,2	16,0
Samtals: rástöfun niðurgreiðslufjárs millj. kr.	906,4	635,4		70,1%	64,9	855,9
Niðurgr. v / olúhitunar	3,5					3,5
Niðurgr. v / einkarafst.	3,5					3,5
Eingreiðslur til hitaveitna*	27,3					70,2
Jarðhitaleitarátak**	23,3					19,9
Smávirðjanir og varmadætur***	10,0					10,0
Orkusparnaðaráttak	10,0					10,0
Orkustofnun rekstur	14,0					25,0
Samtals: niðurgreiðslur	998,0	635,4		70,1%		998,0

Skýringar:

* Gert er ráð fyrir að Eskifjörður fái allt að 40 millj. kr í eingreiðslu á árinu 2005

** Upphæðin til jarðhitaleitar er afstemmd m.t.t. fjárlagarammans.

2.2 Niðurgreiðslur á olúhitun og vegna einkarafstöðva

Niðurgreiðslur til þeirra sem hita með olú lækka í samræmi við lækkun á hámarki niðurgreiddra kWst. til þeirra sem njóta rafhitunar. Hver endanleg upphæð verður ræðst af þróun olúverðs sem hefur hækkað umtalsvert á árinu 2005. En hér er gert ráð fyrir að upphæðin verði nálægt 3,5 millj. kr.

Sama gildir um þá sem hita híbýli sín með rafmagni frá einkarafstöð. Upphæðin er nokkurn veginn sú sama þ.e. 3,5 millj. kr. Orkustofnun áætlar að heildarupphæð til þessara hópa verði því nálægt 7,0 millj. kr. á árinu 2005.

2.3 Eingreiðslur til stofnunar hitaveitna eða stækkunar eldri veitna

Verið er að leggja hitaveitu á Eskifirði, Akrahreppi, Svalbarðsströnd og í Hörgárbyggð, en ekki liggur fyrir hver endanleg upphæð verður sem greiða þarf hitaveitum á árinu 2005. Það sem er vitað með vissu kemur fram í töflu 5. Það að niðurgreiðslur verða eitthvað lægri en gert var ráð fyrir getur nýst til að auka eingreiðslur til hitaveitna sem verða miklar á árinu 2006 og samkvæmt fjárlagafrumvarpinu þyrfti að hækka það um 150 millj. kr. til að uppfylla ítrustu kröfur hitaveitna.

Tafla 5

Hitaveita	Fj. notenda veitur	Notkun MWst	Eingreiðsla kr.
Orkuveita Reykjavíkur	17	271	3.150
Norðurorka Arnarneshreppur/Hörgárbyggð	16	648	8.552
Norðurorka Svalbarðsstrandarhreppur	33	978	15.615
Samtals.	66	1.897	27.317

Þær 40 millj. kr. sem óráðstafað er af fjárlagalið 11-373 m.v. þá áætlun sem liggur fyrir væri skynsamlegt að nýta til að greiða Hitaveitu Eskifjarðar fyrsta hluta tengingar hitaveitu.

2.4 Smávirkjana- og varmadæluverkefni

Í lögum nr. 78/2002 um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði er ákvæði til bráðabirgða um það að Orkustofnun eigi á næstu fimm árum, í samvinnu við iðnaðarráðuneytið, að gera úttekt á möguleikum á nýtingu smávirkjana á landsbyggðinni. Í lok ársins 2004 hafði Orkustofnun notað rúmar 22 millj. kr. og enn er mikið verk ólokið þar sem eftirspurn bænda eftir aðstoð var mun meiri en ráð var fyrir gert.

Skýrsla sú sem unnin var af ÍSOR fyrir Orkustofnun um hagkvæmni varmadælna til húshitunar hefur verið endurskoðuð á þessu ári vegna þeirra breytinga sem urðu á sölufyrirkomulagi raforku um s.l. áramót. Varmadæluverkefnið hefur tekið þá stefnu að verja fjármunum til að kanna hagkvæmni þess að leggja hitaveitur á þeim svæðum landsins þar sem hitastig er ekki nægjanlega hátt til beinna nota en varmadæluverði í þess stað nýttar til að skerpa á þeim vatnshita sem fyrir hendi er. Verið er að vinna hagkvæmniathugun fyrir Vík í Mýrdal og í framhaldinu er áætlað að kanna áhuga á slíku á Vopnafirði og Patreksfirði.

2.5 Orkusparnaðaráttak

Til orkusparnaðaraðgerða fara 10 millj. kr. sem nýstofnað Orkusetun á Akureyri ráðstafar í samvinnu við Orkustofnun og iðnaðarráðuneytið

2.6 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku í dreifbýli

Rétt þykir að minnast á að samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir 230 millj. kr. vegna niðurgreiðslna á dreifingu raforku í dreifbýli. Orkustofnun hefur umsjón með verkefninu. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða fá framlag það sem fer til lækkunar dreifingarkostnaðar þannig að um 210 millj. kr. renna til Rafmagnsveitna ríkisins og um 20 millj. kr. til Orkubús Vestfjarða.

2.7 Umsjón og rekstur Orkustofnunar

Gert er ráð fyrir vísitöluhækkun kostnaðar Orkustofnunar vegna umsjónar með niðurgreiðslum til húshitunar. Umsýslukostnaður vegna jarðhitaleitar á köldum svæðum færast sérstaklega á þann lið eins og verið hefur.

3. Áætlaðar niðurgreiðslur ársins 2006

3.1 Almennar niðurgreiðslur

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2006 er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur kosti ríkissjóð 1.036 millj.kr. Einhver lækkun mun eiga sér stað á beinum niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði vegna nýrra hitaveitna þar sem niðurgreiðslur á ársgrundvelli hafa numið um 50 millj. kr. Á móti kemur að reikna má með verðlagsbreytingum og einhverjum hækkunum á raforkuverði. Þá er hugsanlegt að einhverjir notendur annarra orkufyrirtækja en hér eru nefnd muni fá niðurgreiðslur en sú upphæð skiptir þó ekki sköpum. Í töflu 6 má sjá hvernig beinar niðurgreiðslur koma til með að skiptast milli dreifiveitnanna á árinu 2006 að því gefnu að kr./kWst. verði óbreyttar sem og þakið á niðurgreiðslunum. Frumvarpið gerir ráð fyrir 1.036 millj. kr. þannig að til annarra verka en beinna niðurgreiðslna er aðeins 152,2 millj.kr.

Tafla 6

Ráðstöfun niðurgreiðslufjár til rafhitunar; greitt til dreifiveitna í M.kr.	2006
Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK)	587,3
Orkubú Vestfjarða (OV)	192,8
Hitaveita Suðurnesja Vestmannaeyjum (HSV)	87,0
Rafveita Reyðarfjarðar (RR)	16,7
Samtals vegna rafhitunar	883,8

3.2 Niðurgreiðslur á olúhitun og vegna einkarafstöðva

Ekki er búist við miklum breytingum á útgjöldum ríkissjóðs til niðurgreiðslna vegna olúhitunar og einkarafstöðva. Áætlun Orkustofnunar gerir ráð fyrir að útgjöld nemi 8 millj. kr. á árinu 2006. Fjöldi þeirra sem njóta niðurgreiðslna vegna hitunar frá heimarafstöð hefur haldist óbreyttur um margra mánaða skeið og engar líkur á því að það breytist. Olíuverð hefur heldur verið á uppleið á árinu 2005 og ekkert sem bendir til þess að breyting verði á því.

3.3 Stofnun nýrra hitaveitna

Á árunum 2006 til 2007 mun hitaveita verða að veruleika á Eskifirði, í Akrahreppi í Skagafirði og hugsanlega verður lokið lagningu hitaveitu í Grundarfirði. Í töflu 7 má sjá útgjöld ríkissjóðs vegna þeirra hitaveitna sem hvað líklegast eru að verði að veruleika á næstu árum. Í lögum nr. 58/2004 um breytingar á lögum nr. 78/2002 segir:

Af fjárveitingu hvers árs til niðurgreiðslu á orku til húshitunar og stofnstyrkja hitaveitna skal styrkveiting til nýrra hitaveitna þó aldrei vera meiri en 20% heildarfjárveitingar. Árlega getur hver einstök hitaveita að hámarki fengið styrk er nemur 15% árlegrar heildarfjárveitingar til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og nýrra hitaveitna.

Samkvæmt ofanskráðu munu nefndar hitaveitur fá útborgað að hámarki 200 millj. kr. á árinu 2006. Á móti kemur að beinar niðurgreiðslur koma til með að lækka um 53 millj. kr. þegar þessar hitaveitur eru komnar í fullann gang. Ljóst er að hitaveiturnar munu ekki fá eingreiðsluna alla á einu ári heldur mun hún dreifast á nokkur ár.

Tafla 7

Eingreiðslur til stofnunar hitaveitu eða stækkunar á núverandi veitusvæði á næstu þremur árum	Fj. notenda	Eingr. 8 ár M. kr.	Lækkun Niðurg./ári M. kr.
Hitaveita á Eskifirði	326	193,4	24,2
Hitaveita í Grundarfirði	303	183,8	22,9
Hitaveita í Akrahreppi	62	48,4	6,0
Samtals: Eingreiðslur útborgaðar árið 2005 til 2007	691	425,6	53,2

3.4 Smávirðjanir og varmadæluverkefni

Eins og fyrr segir er áhugi á smávirðjanaverkefninu mikill. Orkustofnun hefur endurskoðað verkferla og lagað þá betur að óskum bænda og jafnframt þarf að leita leiða til að fá aukið fjármagn í þessa þjónustu þar sem eftirspurnin er mjög mikil. Í töflu 8 má sjá að fjárþörfin á árunum 2006 til 2007 til að sinna eingöngu þeim umsóknum sem þegar hafa fengið umfjöllun er 12,3 millj. kr. Ef öllum óskum ætti að sinna þyrfti a.m.k 5 millj. kr. til viðbótar eða alls 17,3 millj. kr. Til að mæta þessum kostnaði a.m.k. að hluta er unnt að lækka áætlun varmadæluverkefnis, en æskilegt væri að iðnaðarráðuneytið kannaði hvort fleiri aðilar gætu stutt þetta verkefni fjárhagslega, t.d. Byggðastofnun.

Áfram verður haldið með athugun á hagkvæmni þess að nota varmadælu til að gera hitaveitur að raunveruleika á þeim stöðum þar sem hitastig þess vatns sem fundist hefur við jarðhitaleit er of lágt til beinna nota en er til í miklu magni. Til þessa verkefnis verður varið 5 millj. kr.

Tafla 8

Kostnaður í þús. kr.	2002 - 2004	2005	2006	2007	Samtals
Vinna og prentun handbókar	5.000				5.000
Sérfræðiþj. Vatnamælinga OS	17.100	3.500	5.850	7.400	33.850
Annar kostnaður	350	100	100		550
Endurgreiddur kostnaður	-140	-500	-500	-500	-1.640
Samtals kostnaður	22.310	3.100	5.450	6.900	37.760

3.5 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Heimilt að verja allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslna á á köldum svæðum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hver upphæðin verður á árinu 2006 en af því gefnu að fjárlagaliður 11-373 verði 1.036 millj. kr. væri heimilt að að verja allt að 50 millj. kr. til verkefnisins á árinu.

3.6 Orkusparnaðaráttak

Áfram er gert ráð fyrir að 10 millj. kr. verði varið til orkusparnaðarverkefna og að stór hluti af því verði varið til reksturs skrifstofu á Akureyri sem styrkt er af Evrópusambandinu og hefur það hlutverk að sinna verkefnum á sviði skilvirkrar orkunotkunar (orkusparnaðar).

3.7 Rekstur Orkustofnunar

Orkustofnun hefur á undanförunum árum áætlað 12,5 millj. kr. til umsýslu niðurgreiðslna vegna húshitunar. Þegar tekið hefur verið tillit til hækkunnar vísitölu frá 2002 er áætlað að rekstur Orkustofnunar verði um 14,0 millj. kr.

3.8 Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku í dreifbýli

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir 230 millj. kr. vegna niðurgreiðslna á dreifingu raforku í dreifbýli sem er óbreytt frá árinu 2005. Orkustofnun hefur umsjón með verkefninu. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða fá framlag það sem fer til lækkunar dreifingarkostnaðar þannig að um 210 millj. kr. renna til Rafmagnsveitna ríkisins og um 20 millj. kr til Orkubús Vestfjarða.

2.9 Yfirlit 2003 til og með 2006

Í töflu 9 eru raun niðurgreiðslur ársins 2003 til og með áætlun ársins 2006 að því gefnu að niðurgreiðslur verði óbreyttar og fjárlagaliður 11-373 samkvæmt frumvarpinu. Áhersla er lögð á að sinna beinum niðurgreiðslum fyrst þannig að liðir eins og eingreiðsla til hitaveitna og jarðhitaleit eru notaðir til afstemmingar á útgjaldarammanum.

Tafla 9

Ráðstöfun niðurgreiðslufjár til dreifiveitna í m.kr.	Raun 2003	Raun 2004	Áætlun 2005	Áætlun 2006
Rafmagnsveitur ríkisins	476,8	495,8	592,6	587,3
Orkubú Vestfjarða	169,5	173,9	171,9	192,8
Hitaveita Suðurnesja Vestmannaeyjum	84,7	80,6	75,4	87
Rafveita Reyðarfjarðar	14,4	15,2	16,0	16,7
Samtals: ráðstöfun niðurgreiðslufjár	745,4	765,5	855,9	883,8
Niðurgr. v / olíuhitunar	3,0	3,4	3,5	4,0
Niðurgr. v / einkarafst.	2,5	3,8	3,5	4,0
Eingreiðslur til hitaveitna	29,0	44,3	70,2	80,2
Smávirkanir og varmadælur	7,0	10,0	10,0	10,0
Jarðhitaleit á köldum svæðum		30,5	19,9	30,0
Orkusparnaðaráttak	0,0	8,0	10,0	10,0
Orkustofnun umsjón- og eftirlit	17,7	0	25,0	14,0
Samtals: niðurgreiðslur	804,6	865,5	998,0	1.036,0


Tillögur og ábendingar til ráðherra

Orkustofnun bendir á að liðurinn eingreiðslur til hitaveitna á eftir að vega þungt á næstu árum þar sem víða er verið að leggja nýjar hitaveitur og stækka dreifiveitusvæði annarra.

- Beinar niðurgreiðslur munu að sama skapi lækka um allt að 50 millj. kr. á næstu tveimur árum.
- Orkustofnun leggur til að núverandi lög nr. 78/2003 og nr. 58/2004 verði endurskoðuð að hluta til til þess að sporna við frekari útgjöldum ríkissjóð til málaflokksins. (tillögur lagðar fram síðar)
- Orkustofnun telur ekki ástæðu til að breyta hámarki eða kr./kWst. þrátt fyrir að hluti notenda hafi fengið meiri hækkun en ráð var fyrir gert. Ástæður þessa tengjast á engann hátt þeim breytingum sem gerðar voru á sölufyrirkomulagi heldur snúa fyrst og fremst á aðstæðum hjá viðkomandi s.s. eins og einangrun, rangri orkunotkun ofl. í þeim dúr.
- Orkustofnun telur mikilvægara að auka ráðgjöf í orkusparnaðarskyni og að lagðir verði fjármunir til endurbóta og aukinnar einangrunar íbúðarhúsa.

Akureyri 3 nóvember 2005

Virðingarfyllst



Benedikt Guðmundsson
Umsjónarmaður með niðurgreiðslum